



Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2003

Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

Afstaða áfengis- og vímuvarnaráðs til frumvarps til laga um Lýðheilsustöð er óbreytt frá fyrri umsögn. Ráðið telur að leggja þurfi meiri vinnu í að undirbúa frumvarpið til að líklegt sé að það veiti lýðheilsustarfi í landinu brautargengi. Áfengis- og vímuvarnaráð vill sérstaklega vekja athygli á eftirtöldum atriðum:

- Skilgreining á hugtakinu lýðheilsa í fyrirliggjandi frumvarpi er takmörkuð. Til að tryggja sameiginlegan skilning á hugtökum og markmiðum er mikilvægt að skilgreiningar þeirra séu skýrar.
- Áfengis- og vímuvarnaráð telur mikilvægt að tryggja sjálfstæði Lýðheilsustöðvar, sem þekkingarsmiðju, sem verði leiðandi afl í stefnumótun um lýðheilsu á Íslandi.
- Óljóst er kveðið á um hlutverk stöðvarinnar í rannsóknum. Lagt er til að í 3. gr., lið c. standi: „að fylgjast með, *afla upplýsinga um* og koma á framfæri nýrri þekkingu og reynslu...“ Jafnframt er lagt til að 3. gr., liður g. verði: „að *efla kennslu og rannsóknir* á sviði lýðheilsu...“ Áfengis- og vímuvarnaráð leggur áherslu á að byggja þróun lýðheilsustarfs á rannsóknum og nýjustu þekkingu hverju sinni.
- Stjórnskipulag Lýðheilsustöðvar í fyrirliggjandi frumvarpi er ekki skýrt. Tvöföldu ráðgjafarkerfi er lýst með landsnefnd um lýðheilsu og sérfræðiráðum. Framkvæmdaferli er ekki dregið fram að öðru leyti en að forstjóri virðist nokkuð einráður. Verkaskipting milli Lýðheilsustöðvar annars vegar og Landlæknisembættisins hins vegar er ekki skýrt. Aðkomu félaga og stofnana sem vinna að lýðheilsu, t.d. Lýðheilsufélagsins, heilsugæslu, skóla og félagsþjónustu, er ekki lýst. Mikilvægt er að stjórnskipulag og hlutverk stövarinnar sé sem skýrast til að fyrirbyggja misskilning og árekstra við útfærslu verkefna. Einnig er mikilvægt að þeir sem starfa innan eða í tengslum við Lýðheilsustöðina hafi fjölbreyttan faglegan bakgrunn og reynslu. Spyrja má hvort nauðsynlegt sé að bæta bæði forstjóra og fjármálastjóra við núverandi starfsfólk einstakra ráða.
- Áfengis- og vímuvarnaráð leggur til að nafni Áfengis- og vímuvarnaráðs verði breytt í Vímuvarnaráð. Áfengis- og vímuvarnaráð er langt nafn og oft óþjált í notkun.
- Undanfarin ár hefur Áfengis- og vímuvarnaráð haft umsjón með Forvarnasjóði. Mikilvægt er að það fé sem skilgreint er til vímuvarna



ÁFENGIS- OG VÍMUVERNARÁÐ

sérstaklega skv. nógildandi lögum verði ekki skert með tilkomu Lýðheilsustöðvar.

- Ástæða er til að samræma ákvæði um hlutverk ráðanna sem nefnd eru í frumvarpinu eftir því sem kostur er. Lagt er til að í 6. gr. verði bætt til samræmis við gr. 9 um Tobaksvarnaráð: „Leita skal álits ráðsins á öllum reglugerðum sem snerta áfengissölu og vímuvarnir.“ Spyrja má hvers vegna það á að vera hlutverk áfengis- og vímuvarnaráðs að hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt þegar sambærilegt hlutverk er ekki skilgreint fyrir hin ráðin.

Áfengis- og vímuvarnaráð ítrekar að ráðið hefur aðeins starfað í fjögur ár í núverandi mynd. Innan ráðsins hafa þær hugmyndir komið skýrt fram að fjögurra ára starfstími sé of stuttur til að hægt sé að meta árangur starfsins og að skynsamlegt væri að ráðið fengi að vinna áfram samkvæmt óbreyttum forsendum.

Áfengis- og vímuvarnaráð,

Þorgerður Ragnarsdóttir
Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1514
komudagur 6.3.2003

ÁRVEKNI



Reykjavík, 5. mars 2003.

Nefndasvið Alþingis,
Heilbrigðis- og trygginganefnd,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Efni: Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.


Nýlega var óskað eftir nýrri umsögn Árvekni um ofangreint frumvarp. Það vísast í fyrri umsögn sem kemur fram í bréfi frá 9. júlí 2002. Stjórn Árvekni hefur ekki miklu við fyrra bréf að bæta en vill ítreka eftirfarandi:


Þótt Árvekni sé verkefni á vegum ríkisstjórnar Íslands og starfi ekki samkvæmt sérstökum lögum telur stjórn Árvekni samt nauðsynlegt að slysavarnir barna fái sérstakan sess innan Lýðheilsustöðvar. Öryggismál og slysavarnir barna er mjög flókið og víðfemt viðfangsefni sem krefst sérþekkingar. Mikið starf hefur verið unnið á skrifstofu Árvekni undanfarin ár og þörfm fyrir þessa starfsemi fer vaxandi. Mjög mikilvægt er að þetta starf fái áfram að blómstra og það verði tryggt eins og kostur er í lögum um Lýðheilsustöð. Því er mikilvægt að um þessa starfsemi séu sérstök ákvæði til að reyna að tryggja framhald hennar og hún fái það sjálfstæði sem er nauðsynlegt. Það er mat stjórnar Árvekni að afar óheppilegt væri að afgreiða frumvarpið eins og það hljóðar nú, með óljósu orðalagi um að starfsemi Árvekni flytjist til Lýðheilsustöðvar.

Stofnun Öryggismiðstöðvar barna, sem hefði ákveðna sérstöðu og ákveðið sjálfstæði innan Lýðheilsustöðvar, yrði mikilvægt skref í þeirri viðleitni að ná enn frekari árangri í slysavörnum barna. Við viljum enn og aftur minna á að þessi málaflokkur er einn þeirra sem settur hefur verið í forgang í nýsamþykkttri heilbrigðisáætlun og í þingsályktun um málefni barna og unglunga.

Fulltrúar Árvekni eru tilbúnir að ganga á fund nefndarinnar og ræða þetta mál frekar sé eftir því leitað.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Árvekni,


Ólafur Gísli Jónsson, formaður.


Herdís L. Storgaard, framkvæmdastjóri:

Alþingi
Erindi nr. P 128/1135
komudagur 19.2.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

18. febrúar 2003
5A3a

421.
Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, ~~207~~ mál.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur öðru sinni fjallað um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð. Í meginatriðum er umsögn stjórnar sú sama og í fyrri umsögn. Stjórn vill þó áréttta eftirfarandi.

Stofnun lýðheilsustöðvar með svo viðamiklithlutverk sem slík stofnun á að gegna er stórt skref. Mikilvægt er að í alla staði sé vandað til verks við undirbúning þess. Skoða þarf vel núverandi fyrirkomulag þessara mála, hvernig þeim er háttað í nágrennalöndum okkar og fá til liðs sérfræðinga í þessum málaflokki við að ákvarða framtíðarfyrirkomulag þessara mála hérlendis.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga er því enn á þeirri skoðun að fresta eigi afgreiðslu frumvarps um Lýðheilsustöð þar til umfangs stöðvarinnar verður betur skilgreint og að höfðu mun nánari samráði við innlenda og erlenda sérfræðinga á þessu sviði.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Herdís Sveinsdóttir, formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1137
komudagur 19.2.2003

Nefndasvið Alþingis,
samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 19. febrúar 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa nr 68/2000, 552 mál.

Markmið frumvarpsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi kveður það á um aukið hlutverk rannsóknarnefndar sjóslysa. Verði frumvarpið að lögum ber nefndinni að rannsaka atriði sem telja má að ráði miklu um afleiðingar sjóslysa, þ.e. hvernig fyrirkomulag hefur verið á tilkynningum um sjóslys, svo og hvernig háttáð hefur verið leitar- og björgunaraðgerðum.

Í annan stað gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra fái heimild til að fela nefndinni að taka upp mál þar sem rannsókn er þegar lokið “ef sérstaklega stendur á “ hvað sem það merkir nú. Að öðru leyti felur frumvarpið í sér almennar breytingar, t.d. er kveðið skýrt á um þagnarskyldu þeirra sem hafa afskipti af rannsókn sjóslysa, hvar aðsetur nefndarinnar skuli vera og kveðið er á um samskipti nefndarinnar við aðra aðila sem að rannsókn sjóslysa kunna að koma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Síðasta mgr. 1. gr. er svo hljóðandi: **Aðsetur rannsóknarnefndar sjóslysa er í Stykkishólmi nema ráðherra ákveði annað.** Að okkar mati er ekkert tilefni til þess að hafa þetta ákvæði í lagatexta þar sem ráðherra virðist hafa vald til þess að velja nefndinni aðsetur eins og dæmin sanna.

Fyrri mgr. 4. gr. hljóðar svo: **Þegar við á skal rannsóknarnefnd sjóslysa láta rannsókn ná til fyrirkomulags tilkynninga um sjóslys, til leitar, björgunaraðgerða og annarra aðgerða sem ætlað er að draga úr afleiðingum sjóslysa.** Að mati Vélstjórafélags Íslands orkar það mjög tvímælis að rannsóknarnemd sjóslysa rannsaki einnig björgunaraðgerðir eins og lagt er til. Í því sambandi kemur margt til t.d. það að starfsemi björgunaraðila er nokkuð sérhæfð þar sem þessir aðilar hafa mikið samstarf bæði með samgöngunefndum og almennri fræðslu og verklegum æfingum um hvernig skuli að verki staðið þegar hin ýmsu óhöpp koma til. Þess vegna þarf að okkar mati mjög víðtæka þekkingu á þessum málum að vera til staðar hjá þeim aðilum sem eiga síðan að yfirfara og gagnrýna störf björgunaraðila allt önnur þekking en þar að vera til staðar hjá þeim sem skipa Sjóslysanefnd m.v. núverandi verkefni hennar.

Síðari mgr. 15. gr. hljóðar svo: **Þegar sérstaklega stendur á getur samgönguráðherra falið rannsóknarnefnd sjóslysa að rannsaka nánar tiltekið sjóslys eða sérstök atriði sem tengjast sjóslysi, einkum ef ný gögn eða upplýsingar koma fram eftir að rannsókn er lokið.**

Að okkar mati er þetta ákvæði alltof opið þ.e. verði það að lögum getur ráðherra án tilefnis falið nefndinni að endurskoða störf sín sem að okkar mati er ekki líklegt til árangurs. Ef það reynist vilji löggjafans hægt sé að endurupptaka mál, sem nefndin hefur rannsakað, án tilefnis er alveg úti hött að nefndin annist þá rannsókn sjálf. Þess í stað leggur félagið til að til þeirra verka verði fengnir utanað komandi kunnáttumenn.

Aftur á móti ætti ekki að þurfa að taka það fram í lögum að ef fram koma ný gögn í málinu, sem skipta máli, þá er rannsókninni að sjálfsögðu haldið áfram, þar til niðurstaða fæst um áhrif nýrra upplýsinga á áðurfengna niðurstöðu rannsóknarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helgi Laxdal, formaður

FÉLAG UM LÝÐHEILSU
k.t. 611201-4780

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1043
komudagur 18.2.2003

Heilbrigðis- og trygginganefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 17. febrúar 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, Þskj. 530 – 421. mál.

Félag um lýðheilsu hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp, en félagið sendi inn umsögn um fyrra frumvarp þ. 26. júlí 2002.


Núverandi frumvarp er að mjög miklu leyti eins og hið fyrra, nema þá hvað varðar 3. grein um hlutverk stöðvarinnar. Nú er þar kveðið nokkuð nánar á um hlutverk Lýðheilsustöðvar án þess þó að það sé skilgreint frekar út frá núverandi starfsemi þeirra sem nú þegar starfa að lýðheilsu á Íslandi.


Félagið vísar til fyrri greinargerðar og leggur áherslu á eftirfarandi punkta.

- Lýðheilsustöð verður að skilgreina í starfrænu samhengi við aðrar stofnanir í landinu sem nú þegar vinna að málefnum lýðheilsu. Sérstaklega vakti félagið athygli á núverandi hlutverki landlæknisembættisins í lýðheilsustarfi. Ekki er tekið á þessu í nýju frumvarpsdrögunum. Það er enn skoðun félagsins að samhliða lagasmíði um stofnun Lýðheilsustöðvar verði *óhjákvæmilega* að endurskoða lög um landlæknisembættið. Án slíkrar endurskoðunar munu starfssvið landlæknis og stöðvarinnar skarast, hætta er á að heildarsýn verði óljós, hlutverkaskipting ómarkviss og þar með verði hin nýja Lýðheilsustöð ekki sú efling fyrir lýðheilsustarf sem efni standa til.
- Félagið ítrekar fyrra álit sitt varðandi fjármögnun Lýðheilsustöðvarinnar. Engin breyting hefur orðið á milli frumvarpsdraga hvað þetta varðar. Það er skoðun okkar að tryggja verði Lýðheilsustöð fastan tekjustofn á fjárlögum til að sinna þeim fjölmörgu verkefnum sem bíða hennar.
- Félagið bendir á að engar skýrari línur eru lagðar í nýja frumvarpinu um hlutverk landsnefndar og sérfræðiráða. Hlutverk þeirra skal að mestu ákvarðast í reglugerð og samspil þeirra gagnvart forstjóra og landlækni er óljóst. Úr þessu verður að bæta.

Að lokum leggur Félag um lýðheilsu áherslu á mikilvægi þess að vel sé vandað til undirbúnings stofnunar Lýðheilsustöðvar. Eins og sagt er í athugasemdum með frumvarpinu næst bestur árangur þegar saman fer skýr stefnumörkun og markmið, vandað val viðfangsefna og náð samráð. Til að þetta megi verða þarf að fara fram meira faglegt samráð við sérfræðinga, bæði innanlands og utan, og skoða m.a. hvernig haldið er á lýðheilsuárum erlendis og hvernig staðið er að slíkum stofnunum þar. Félagið leggur til að gefinn verði meiri tími til að vinna að undirbúningnum og afgreiðslu frumvarpsins frestað þar til slík umræða hefur farið fram og almenn sátt ríkir um stefnu og markmið hinnar nýju Lýðheilsustöðvar.

F.h. Félags um lýðheilsu


Geir Gunnlaugsson, formaður
Miðstöð heilsuverndar barna
Barónsstíg 47, 101 Reykjavík


Valgerður Gunnarsdóttir, varaformaður



FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI

Alþingi
Erindi nr. P 128/855
komudagur 13.11.2002

Heilbrigðisnefnd Alþingis
Alþingi,
150 Reykjavík.

Akureyri 13. nóvember 2002.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

Vísað er til bréfs ykkar frá 13. maí 2002 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

Framkvæmdastjórn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri telur frumvarp þetta vel unnið, texta skýran og eðlilegan. Fram kemur að starf ráða sem fjallað hafa um lýðheilsu, svo sem tóbaksvarnaráð og áfengisvarnaráð o.s.frv. verði felld undir Lýðheilsustöð. Við teljum að brýnt sé að samræma alla lýðheilsustarfsemi undir hatt slíkrar stöðvar, sérstaklega til að forðast tvíverknað í ráðum og nefndum og skipan þessara mála verði einfölduð þannig að betri árangur náist. Okkur þykir eðlilegt að stofnun sem þessi þar sem rannsóknastarfsemi og forvarnastarfsemi skipa öndvegi eigi að finna stað undir merkjum Háskólans á Akureyri í samvinnu við Heilsugæslustöðina á Akureyri og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Virðingarfyllst,
F.h. framkvæmdastjórnar,

Þorvaldur Ingvarsson,
framkvæmdastjóri lækninga.

ÞI/JR

Alþingi
Erindi nr. P 128/1245
komudagur 24. 2. 2003

Minnisblað

Viðtakandi: Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Sendandi: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
Dagsetning: 22. febrúar 2003
Málsnúmer: HTR02010109
Bréfalykill: 0031

Efni: Um verkaskiptingu og samstarf Lýðheilsustöðvar, landlæknis og heilsugæslunnar

Eins og fram kemur í frumvarpi til laga um Lýðheilsustöð er henni fyrst og fremst ætlað að samræma lýðheilsustarf, annast fræðslu til almennings og heilsueflingu. Stöðinni er um leið ætlað að samhæfa og samræma starfsemi þeirra stofnana og annarra aðila sem hafa starfað á þessu sviði, svo sem áfengis- og vímuvarnaráðs, mannelisráðs, slysavarnaráðs og tóbaksvarnanefndar. Henni er einnig ætlað að stuðla almennt að bættri lýðheilsu og skal því einnig styðja við þau verkefni sem ekki hefur verið nægilega sinnt til þessa. Forvarnastarf hefur mótast mjög af starfsemi ofangreindra ráða sem og annarra hópa án samræmingar.

Fjöldi aðila hefur því kallað eftir samræmdri stefnu og starfi í forvörnum og eflingu lýðheilsu. Með stofnun Lýðheilsustöðvar í þeim tilgangi er verið sé að fara í fótspor annarra Norðurlandáþjóða.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eru skal landlæknir vera ráðgjafi ráðherra, annast faglegt eftirlit með heilbrigðisstéttum og heilbrigðisstofnunum, lyfjanotkun og sóttvarnarráðstöfunum, sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu og annast skýrslugerð um heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 ber embætti landlæknis ábyrgð á framkvæmd sóttvarna og við embætti hans skal starfa sóttvarnalæknir sem ber ábyrgð á sóttvörnum. Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð gerir ekki ráð fyrir neinni breytingu á framangreindum lögbundnum verkefnum landlæknis. Eins og fram kemur í lögum um heilbrigðisþjónustu, læknalögum o. fl. lögum er meginhlutverk landlæknisembættisins að annast faglegt eftirlit með heilbrigðisstéttum og heilbrigðisþjónustu. Þó ekki séu í lögum eða reglugerðum ákvæði um önnur verkefni landlæknis á sviði forvarna og lýðheilsu hefur landlæknir þó einnig sinnt ýmsum forvarnaverkefnum og er gert ráð fyrir að svo verði áfram, en að það verði gert í samráði við Lýðheilsustöð. Lögð er mikil áhersla á þessa samvinnu í frumvarpinu, m.a. er gert ráð fyrir að

landlæknir sitji í landsnefnd um lýðheilsu og skipi fulltrúa í öll sérfræðiráð innan stöðvarinnar.

Fyrirgreind ráð, sem nú starfa samkvæmt lögum, hafa komið boðskap sínum á framfæri með margvíslegum hætti, bæði í fjölmiðlum, á ráðstefnum, og í skólum. Hefur borið við að samræmingu hefur vantað t.d. hvað varðar fræðslu í skólum. Með stofnun Lýðheilsustöðvar ætti að vera hægt að samræma og efla þessa fræðslu. Þannig er gert ráð fyrir að Lýðheilsustöðin sjái um gerð kennslu- og fræðsluefnis sem nýtt yrði bæði í skólum og heilbrigðisstofnunum. Skapast þar enn frekari möguleiki á samræmdu átaki til að stuðla að bættri lýðheilsu.

Heilsugæslan í landinu mun eftir sem áður starfa að forvörnum en mun njóta öflugs stuðnings Lýðheilsustöðvar í því starfi. Margar heilsugæslustöðvar eru mjög smáar og starfsfólk fátt. Þær hafa því engar forsendur til þess að búa eigin fræðsluefni eða þekkingargrunn og eru því mjög háðar að það sé unnið að slíku á einum stað. Gert er ráð fyrir að Lýðheilsustöðin mun eiga mjög náið samstarf við allar heilsugæslustöðvar í landinu og muni m.a. láta þeim í té kennsluefni, fræðslu og þjálfun til þess að starfa að bættri lýðheilsu á hverjum stað. Má því búast við að Lýðheilsustöðin styrki verulega forvarnagetu heilsugæslunnar um land allt.

Egilsstöðum 19. febrúar 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Heilbrigðisstofnun Austurlands hefur nýlega fengið til umsagnar tvö lagafrumvörp, frumvarp til laga um Lýðheilsustöð og breytingar á lækna- og lyfsöslulögum.

Fjallað hefur verið um frumvörpin innan stofnunarinnar og óskar hún eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.


Heilbrigðisstofnun Austurlands telur það vera jákvætt að stjórnvöld vilji efla forvarnir til heilsubótar fyrir þegna landsins og gerir engar athugasemdir við efnislegt innihald frumvarpsins.

Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994 og læknalögum nr. 53/1988.

Heilbrigðisstofnun Austurlands skilur ástæðuna fyrir þörf á bættu eftirliti með ávísun ávana - og fiknilyfja, en veltir fyrir sér með hvaða hætti skilyrðum laga um persónuvernd verði fullnægt þar sem að um persónugreinanlegar upplýsingar er að ræða. Hvað varðar hinn gagnagrunninn sem á að hafa almennt eftirlit með lyfjaávísunum, lyfjanotkun og lyfjakostnaði virðist sem um samræmingu sé að ræða fyrir eftirlitsaðila þessa málaflokks og gerir engar athugasemdir við það.

Fyrir hönd Heilbrigðisstofnunar Austurlands,
virðingarfyllst,

Stefán Þórarinnsson
lækningaforstjóri





Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík 17. febrúar 2003

Efni: Frumvarp til laga um lýðheilsustöð

Í athugasemdum sem fylgja lagafrumvarpi um Lýðheilsustöð kemur fram að þau heilbrigðisvandamál sem nú ber hæst eru önnur en áður. Þar segir jafnframt að dánarorsakir og sjúkdómatíðni hafi breyst þannig að vægi svokallaðra langvinnra sjúkdóma hafi aukist verulega. Þeir eigi það m.a. sammerkt að orsaka þeirra er oftast að leita í samspiли áhættuþátta sem saman leiða frekar til sjúkdóms en hver um sig. Þarna eru sérstaklega tilteknir áhættuþætti eins og reykingar, ofneysla áfengis og neysla annarra vímuefna, offita, **kyrrseta** og streita.

Í frumvarpinu eru sérstaklega tilgreind sérfræðiráð á sviði áfengis- og vímuvarna, manneldis, slysavarna og tóbaksvarna. Ein af röksemdafærslunum fyrir því að ekki eru nánar tilgreind önnur sérfræðiráð en þau sem hafa verið hér upp talin er að það væri erfitt að ákveða hvaða svið ætti að taka með.

Það ætti hins vegar enginn að draga í efa mikilvægi hreyfingar sem forvarnar. Rannsóknir styðja að hreyfing hefur bæði forvarnargildi og bætandi áhrif á fjölmarga sjúkdóma. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að þátttaka barna og unglunga í íþróttastarfi eykur heilbrigði þeirra á marga vegu og dregur úr áhættuhegðun s.s. áfengis- og vímuefnaneyslu.

Í athugasemdunum er tekið fram að hér á landi sé hlutfall barna og ungmenna talsvert hærra en gerist annars staðar á Norðurlöndunum og því megi gera ráð fyrir að ávinningurinn af skipulögðum aðgerðum til að efla forvarnir geti haft enn meiri áhrif hér á landi en hjá nágrannaþjóðunum. Í þessu sambandi gegnir **Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands** mikilvægu hlutverki.

ÍSÍ skilaði inn athugasemdum við fyrstu útgáfu frumvarpsins þann 10. júní sl. þar sem eðlilegt var talið að sambandið myndi með beinum eða óbeinum hætti eiga aðild að Lýðheilsustöð. Í ljósi mikilvægi hreyfingar sem forvarnar og þess mikla forvarnarstarfs sem ÍSÍ heldur utan um fyrir helming landsmanna á öllum aldri leggur ÍSÍ til að **auk áðurnefndra sérfræðiráða verði skipað sérstakt hreyfiráð**. Það yrði skipað, auk fulltrúa frá ÍSÍ, sérfræðingum og fulltrúum stofnana sem vinna að sama markmiði og ÍSÍ þ.e. að auka hlut hreyfingar hjá almenningi á öllum aldri. Skipun Hreyfiráðs sem þessa myndi gefa hvatningunni um aukna hreyfingu meiri vigt og staðfesta skilning stjórnvalda á mikilvægi hreyfingar sem forvarnar.

Með kveðju,

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands

Stefan Konráðsson
 framkvæmdastjóri



Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Helgu E. Þórisdóttur nefndarritara
Alþingi við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. febrúar 2003
SG/gh

Varðar frumvarp til laga um lýðheilsustöð, lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002-2003.

Landlæknisembættið hefur fengið til umsagnar breytt frumvarp til laga um lýðheilsustöð. Landlæknisembættið hefur áður fjallað um frumvarpið og skilað ítarlegu álitum og er vísað til þess.

Í þessu breytta frumvarpi eru ýmis hlutverk sem Landlæknisembættinu er nú falið samkvæmt lögum færð til lýðheilsustöðvar.

Kemur það skýrast fram í 3. gr. þar sem sú breyting hefur verið gerð að lýðheilsustöð er nú ætlað að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um stefnumótun á sviði lýðheilsu. Einnig skal á það bent að breyting á 8. gr. lagafrumvarpsins um slysavarnaráð er ekki fallin til að skýra hlutverk Landlæknisembættisins og lýðheilsustöðvar. Í frumvarpinu eru tekin upp meginatriði laga um slysavarnaráð, nr. 33/1994, en gert er ráð fyrir að þau falli úr gildi við gildistöku laga um lýðheilsustöð. Í frumvarpinu tekið inn ákvæði þess efnis að ráðið skuli sjá til þess að slys séu skráð, hlutast til um úrvinnslu skráðra upplýsinga og birtingu þeirra og móta reglur um framkvæmd skráningar og aðgang að upplýsingum úr skránni. Þetta ákvæði var ekki í fyrra frumvarpi en í athugasemdum þessa frumvarps er talið nauðsynlegt að hafa skýra lagastoð fyrir skráningu og vinnslu þessara upplýsinga. Skráning og vinnsla upplýsinganna hefur verið á höndum Landlæknisembættisins sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 og lögum um slysavarnaráð. Vandséð er hvaða merkingu það hefur að samræmd slysaskrá skuli varðveitt hjá embættinu eins kveðið er á um í nýju frumvarpsdrögunum ef embættið hefur ekkert um skrána að segja.

Athygli skal vakin á því að innan heilbrigðisráðuneytisins er unnið að tillögum að lagasetningu um söfnun og skráningu heilsufarsupplýsinga á vegum Landlæknisembættisins til að fylgjast með heilbrigði. Það væri miður ef þessi þáttur sem er ein af stöðum lýðheilsustarfsins verði klofinn frá heildstæðri upplýsingasöfnun heilbrigðisyfirvalda.

Í athugasemdunum með frumvarpinu er vísað til þess að ýmsir umsagnaraðilir hafi talið að starfsemi stöðvarinnar væri betur komin hjá Landlæknisembættinu en einnig hafi komið fram sú skoðun að slík starfsemi færi ekki vel saman við eftirlitshlutverk embættisins.

Eins og áður segir er hlutverk stöðvarinnar að koma með tillögur til stefnumótunar og veita almenningi og stjórnvöldum ráðgjöf sem er hlutverk Landlæknisembættisins skv. lögum um heilbrigðisþjónustu. Landlæknir telur að fáir séu betur til þess fallnir að sinna eftirliti með tiltekinni framkvæmd heldur en sá sem lagði á ráðin um hver hún skyldi vera og hvernig hún skyldi gerð. Landlæknir á hins vegar ekki að sinna framkvæmdinni sjálfur heldur einungis að fylgjast með hvernig til tókst. Ráðgjöf og stefnumótunartilögur falla því vel að eftirlitshlutverki Landlæknisembættisins.


Landlæknisembættið vill aftur vitna til fyrri greinargerðar sinnar um frumvarpið og ítreka það sem þar kemur fram. Síðan sú umsögn var gefin hefur umræða um lýðheilsu og eflingu hennar haldið áfram hér á landi sem og víðar. Má nefna að Evrópusambandið hefur lagt fram áætlun um lýðheilsu til ársins 2008 sem byggir á þremur meginstöðum, en þær eru:

1. Gagnasöfnun, upplýsingamiðlun og þekking til að þróa lýðheilsu.
2. Viðbrögð við heilsuvá.
3. Heilbrigðisgát, heilsuefling og forvarnir.

Landlæknisembættið vill leggja áherslu hve víðfeðmt lýðheilsuhugtakið er og til að efla lýðheilsu þurfi sem flestir þættir samfélagsins að taka þátt svo sem heilbrigðisþjónustan, mennta-, félags- og skipulagsmál. Í fyrri umsögn landlæknis var einnig nefnt að í frumvarpinu er hugtakinu lýðheilsa ekki gerð full skil. Í reynd lýtur frumvarpið að forvörnum á tilteknum sviðum en skilur eftir veigamikla þætti lýðheilsu. Þeim forvörnum hefur verið vel sinnt af áfengis- og vímuvarnaráði, tóbaksvarnanefnd, mannelisráði og fleirum og hefur Landlæknisembættið verið í góðri samvinnu við þau ráð og ýmsa aðra sem unnið hafa að lýðheilsu. Hjá embættinu er til staðar mikil þekking og reynsla sem máli skiptir að verði nýtt áfram.

Með tilvísun til fyrri umsagnar Landlæknisembættisins er því kallað eftir að grunnhugmynd frumvarpsins verði unnin betur í samræmi við lokakafla umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðmundsson
landlæknir

Alþingi
Eva Margrét Ævarsdóttir, nefndarritari
Heilbrigðis- og trygginganefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 19.02.2003
Tilv. 40.13
JP/gg


Efni: Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 421. mál.

LSH hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 421. mál.

Á þessu frumvarpi eru gerðar nokkrar breytingar frá frumvarpi því sem lagt var fram á 127. þingi sbr. umsögn LSH frá 20. júní 2002.

Þær breytingar sem nú eru gerðar, eru með hliðsjón af innsendum athugasemdum, en ekki er um efnisbreytingar að ræða og eru þær til bóta. Með hliðsjón af því, sem og fyrri umsögn LSH, er mælt með samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd.

Virðingarfyllt



Jóhannes M. Gunnarsson,
framkvæmdastjóri lækninga

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/957
komudagur 11.2.2003



Lyfjastofnun

Icelandic Medicines Control Agency

Eiðistorg 13-15, 172 Seltjarnarnes

P.O. Box 180; Kennitala: 670900-2740

Tel: +(354)-520-2100, Fax: +(354)-561-2170

www.lyfjastofnun.is - lyfjastofnun@lyfjastofnun.is

ALÞINGI
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Seltjarnarnes, 10. febrúar 2003

Tilvísun: 061-1 / Málsnr:2003020008

Lyfjastofnun vísar til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis dags. 30. janúar 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 421 mál. Óskað er umsagnarinnar fyrir 17. febrúar n.k.

Eins og fram kemur í bréfi heilbrigðis- og trygginganefndar veitti Lyfjastofnun umsögn sína þegar frumvarpið var til umfjöllunar á síðasta löggjafarþingi. Lyfjastofnun hefur ekki frekari athugasemdir við frumvarp en þar koma fram.

F.h. Lyfjastofnunar,

Guðmundur H. Pétursson hdl.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 128/1162
komudagur 20. 2. 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi 19. febrúar, 2003

Efni: Beiðni yðar um umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 421. mál

Læknafélag Íslands (LÍ) vísar til umsagnar sinnar frá fyrra ári, þar sem lögð voru fram álit Péturs Péturssonar læknis og Ólafs H. Oddssonar læknis um mál þetta. Í þeim kemur m.a. fram umsögn um mikilvægi skipulegrar vinnu til bættrar lýðheilsu og vill LÍ taka ítrekað undir þær áherslur.

Við nánari skoðun þessa máls hefur LÍ komist að þeirri niðurstöðu, að kjarni þess er að koma á fót embætti nokkurs konar lýðheilsustjóra, sem heyri beint undir ráðherra, og setja hann yfir margvíslega forvarnarstarfsemi, sem þegar er fyrir hendi í þjóðfélaginu. Því vill LÍ staldra við og hvetja til að leitað verði svara við eftirfarandi spurningum: 1. Er líklegt að þessi ráðstöfun verði til að örva bæði skipulegt forvarnastarf og óskipulegt grasrótastarf, sem þegar er fyrir hendi? 2. Ef þeirri spurningu er svarað játandi, má fella ætlað hlutverk lýðheilsustjóra að embættum eða stofnunum ríkisins, sem nú eru starfandi?

Læknafélag Íslands hvetur til þess, að afdráttarlaus svör við þessum spurningum verði fundin, áður en tekin verður ákvörðun um þessa lagasetningu og litið til embættis Landlæknis með staðsetningu Lýðheilsustofu, ef nauðsynlegt verður talið að miðstýra forvörnum í meira mæli en nú er gert.

Virðingarfyllst,

f.h. Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson
formaður

128. löggjafarþing 2002–2003.
Þskj. 530 — 421. mál.

Frumvarp til laga

um Lýðheilsustöfu, stöð.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að efla lýðheilsu. Með eflingu lýðheilsu er átt við aðgerðir sem ætlað er að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa í þjóðfélaginu með skipulegum og viðurkenndum aðferðum.

2. gr.

Yfirstjórn.

Starfrækja skal Lýðheilsustöð til að vinna að markmiðum laga þessara. Hún skal vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Ráðherra skipar forstjóra Lýðheilsu stöðvar til fimm ára í senn. Forstjóri ber ábyrgð á rekstri og fjárreiðum stöðvarinnar og ræður aðra starfsmenn hennar.

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Við embætti landlæknis skal starfa sérstakur forstöðumaður Lýðheilsustofu sem skal hafa reynslu og/eða þekkingu á lýðheilsumálum.

3. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Lýðheilsustofustöðvarinnar er að efla lýðheilsustarf og samræma það, annast fræðslu til almennings um heilbrigði og heilsueflingu í samstarfi og samvinnu við landlækni og aðra eftir því sem við á og styðja starfsemi stofnana og frjálsra félagasamtaka til eflingar lýðheilsu.

Lýðheilsustofa Lýðheilsustöð skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um stefnumótun á sviði lýðheilsu. Forgangsröðun verkefna skal vera í samræmi við heilbrigðisáætlun.

Lýðheilsustofa Stöðin fylgist með árangri af lýðheilsustarfi og stuðlar að rannsóknum á sviði lýðheilsu í samvinnu við landlækni og mennta- og rannsóknastofnanir.

Helstu verkefni Lýðheilsustofu Lýðheilsustöðvar eru:

- a. að efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa,
- b. að annast áfengis- og vímuvarnir, mannelði, slysavarnir, tóbaksvarnir og önnur forvarna- og heilsueflingarverkefni á vegum ríkisins,
- c. að fylgjast með og koma á framfæri nýrri þekkingu og reynslu sem að gagni mætti koma í lýðheilsustarfi,
- d. að meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera hann saman við sett markmið,
- e. að efla þekkingu og færni þeirra sem starfa að eflingu lýðheilsu,
- f. að miðla upplýsingum og fræðslu til landsmanna og einstakra hópa í samfélaginu, eftir því sem við á, í samvinnu við landlækni og aðra,
- g. að stuðla að eflingu kennslu og rannsókna á sviði lýðheilsu og samstarfi við háskóla og aðrar

menntastofnanir,

h. að beina tillögum til stjórnvalda um aðgerðir til að efla lýðheilsu og forgangsriðun verk efna. Ráðherra er heimilt að skilgreina verkefni Lýðheilsustofustöðvarinnar á sviði lýðheilsu nánar með reglu gerð.

Lýðheilsustofu~~Lýðheilsustöð~~ er heimilt, í samráði við ráðherra, að semja við aðra um að sinna starfsemi sem stofunni~~öðinni~~ er falið að annast samkvæmt lögum eða reglugerðum.

4. gr.

Landsnefnd um lýðheilsu.

Landsnefnd um lýðheilsu er ráðgjafarnefnd Lýðheilsustofu~~Lýðheilsustöðvar~~ um fagleg málefni. Nefndin er skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn. Formenn sérfræðiráða skv. 5. gr. og forstöðumaður Lýðheilsustofu~~landlæknir~~ eða fulltrúi tilnefndur af honum skulu eiga sæti í nefndinni. Heilbrigðis- og tryggingamála ráðherra skipar formann án tilnefningar. Ráðherra skal kveða nánar á um skipan og hlutverk nefndarinnar í reglugerð, m.a. um tilnefningu félaga og stofnana sem vinna að lýðheilsu.

5. gr.

Sérfræðiráð.

Áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð skulu starfa innan Lýðheilsustofu~~Lýðheilsustöðvar~~ og gegna hlutverki sérfræðiráða Lýðheilsustofu~~Lýðheilsustöðvar~~. Heimilt er, með reglugerð, að fela þeim víðtækari verkefni en kveðið er á um í 6.–9. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð um skipan og hlutverk annarra sérfræðiráða. Þau skulu skipuð sérfræðingum og fulltrúum stofnana og félaga sem starfa á viðkomandi sviði. Landlæknir skal tilnefna einn fulltrúa í hvert sérfræðiráð.

Sérfræðiráð skv. 1. og 2. mgr. skulu vera Lýðheilsustofu~~Lýðheilsustöð~~ og öðrum sem starfa að forvörnum til ráðgjafar hvert á sínu sviði.

6. gr.

Áfengis- og vímuvarnaráð.

Hlutverk áfengis- og vímuvarnaráðs er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstak lega meðal barna og ungmenna, og hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt.

Ráðið skal stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, sveitarstjórna, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka.

Lýðheilsustofa~~Lýðheilsustöð~~ skal ráðstafa fé úr Forvarnasjóði skv. 7. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna í samráði við ráðherra að fengn um tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um skipan ráðsins og starfsemi þess, m.a. ráðstöfun fjár úr Forvarnasjóði.

7. gr.

Manneldisráð.

Hlutverk manneldisráðs er að stuðla að heilsusamlegu mataræði þjóðarinnar í samræmi við manneldismarkmið. Ráðið skal vinna að samræmingu rannsókna og fræðslu á sviði manneldisfræði í samráði við skóla, heilsugæslu og stofnanir á sviði matvælaeftirlits. Ráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um skipan ráðsins og starfsemi þess.

8. gr.

Slysavarnaráð.

Hlutverk slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa.

Ráðið skal sjá til þess að slys séu skráð með samræmdum hætti. Jafnframt skal ráðið hlut ast til um úrvinnslu skráðra upplýsinga og birtingu þeirra. Ráðið mótar reglur um fram kvæmd skráningar og aðgang að upplýsingum úr skránni.

Samræmd slyaskrá skal varðveitt hjá landlækni.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um skipan ráðsins og starfsemi þess.

9. gr.

Tóbaksvarnaráð.

Hlutverk tóbaksvarnaráðs er að stuðla að tóbaksvörnum.

Fjármálaráðuneytið skal hafa samráð við tóbaksvarnaráð um stefnumörkun varðandi inn flutning og verðlagningu tóbaks.

Leita skal álits ráðsins á öllum reglugerðum sem snerta tóbaksvarnir og tóbakssölu.

LýðheilsustofaLýðheilsustöð skal fá 0,9% af brúttósölu tóbaks til ráðstöfunar til tóbaksvarnastarfs og skal fénu ráðstafað í samráði við ráðherra að fengnum tillögum tóbaksvarnaráðs.

Ráðherra skal setja nánari ákvæði um skipan og hlutverk tóbaksvarnaráðs í reglugerð.

10. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.

Við gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög og lagaákvæði úr gildi: Lög um slysavarna ráð, nr. 33/1994, lög um manneldisráð, nr. 45/1978, lög um áfengis- og vímuvarnaráð, nr. 76/1998, og 5. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

Frumvarp til laga

um Lýðheilsustofu.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að efla lýðheilsu. Með eflingu lýðheilsu er átt við aðgerðir sem ætlað er að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa í þjóðfélaginu með skipulegum og viðurkenndum aðferðum.

2. gr

Yfirstjórn.

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Við embætti landlæknis skal starfa sérstakur forstöðumaður Lýðheilsustofu sem skal hafa reynslu og/eða þekkingu á lýðheilsumálum.

3. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Lýðheilsustofu er að efla lýðheilsustarf og samræma það, annast fræðslu til almennings um heilbrigði og heilsueflingu í samstarfi og samvinnu við aðra eftir því sem við á og styðja starfsemi stofnana og frjálsra félagasamtaka til eflingar lýðheilsu.

Lýðheilsustofa skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um stefnumótun á sviði lýðheilsu.

Forgangsröðun verkefna skal vera í samræmi við heilbrigðisáætlun. Lýðheilsustofa fylgist með árangri af lýðheilsustarfi og stuðlar að rannsóknum á sviði lýðheilsu í samvinnu við mennta- og rannsóknastofnanir.

Helstu verkefni Lýðheilsustofu eru:

- a. að efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa,
- b. að annast áfengis- og vímuvarnir, manneldi, slysavarnir, tóbaksvarnir og önnur forvarna- og heilsueflingarverkefni á vegum ríkisins,
- c. að fylgjast með og koma á framfæri nýrri þekkingu og reynslu sem að gagni mætti koma í lýðheilsustarfi,
- d. að meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera hann saman við sett markmið,
- e. að efla þekkingu og færni þeirra sem starfa að eflingu lýðheilsu,
- f. að miðla upplýsingum og fræðslu til landsmanna og einstakra hópa í samfélaginu, eftir því sem við á,
- g. að stuðla að eflingu kennslu og rannsókna á sviði lýðheilsu og samstarfi við háskóla og aðrar menntastofnanir,
- h. að beina tillögum til stjórnvalda um aðgerðir til að efla lýðheilsu og forgangsröðun verkefna. Ráðherra er heimilt að skilgreina verkefni embættis landlæknis á sviði lýðheilsu nánar með reglugerð.

Lýðheilsustofu er heimilt, í samráði við ráðherra, að semja við aðra um að sinna starfsemi sem Lýðheilsustofu er falið að annast samkvæmt lögum eða reglugerðum.

4. gr.

Landsnefnd um lýðheilsu.

Landsnefnd um lýðheilsu er ráðgjafarnefnd Lýðheilsustofu um fagleg málefni. Nefndin er skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn. Formenn sérfræðiráða skv. 5. gr. og forstöðumaður Lýðheilsustofu eða fulltrúi tilnefndur af honum skulu eiga sæti í nefndinni. Heilbrigðis- og tryggingamála ráðherra skipar formann án tilnefningar. Ráðherra skal kveða nánar á um skipan og hlutverk nefndarinnar í reglugerð, m.a. um tilnefningu félaga og stofnana sem vinna að lýðheilsu.

5. gr.

Sérfræðiráð.

Áfengis- og vímuvarnaráð, mannelisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð skulu starfa innan Lýðheilsustofu og gegna hlutverki sérfræðiráða Lýðheilsustofu. Heimilt er, með reglugerð, að fela þeim víðtækari verkefni en kveðið er á um í 6.–9. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð um skipan og hlutverk annarra sérfræðiráða. Þau skulu skipuð sérfræðingum og fulltrúum stofnana og félaga sem starfa á viðkomandi sviði. Landlæknir skal tilnefna einn fulltrúa í hvert sérfræðiráð.

Sérfræðiráð skv. 1. og 2. mgr. skulu vera Lýðheilsustofu og öðrum sem starfa að forvörnum til ráðgjafar hvert á sínu sviði.

6. gr.

Áfengis- og vímuvarnaráð.

Hlutverk áfengis- og vímuvarnaráðs er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt.

Ráðið skal stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, sveitarstjórna, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka.

Lýðheilsustofa skal ráðstafa fé úr Forvarnasjóði skv. 7. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna í samráði við ráðherra að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um skipan ráðsins og starfsemi þess, m.a. ráðstöfun fjár úr Forvarnasjóði.

7. gr.

Manneldisráð.

Hlutverk mannelisráðs er að stuðla að heilsusamlegu mataræði þjóðarinnar í samræmi við mannelismarkmið. Ráðið skal vinna að samræmingu rannsókna og fræðslu á sviði mannelisfræði í samráði við skóla, heilsugæslu og stofnanir á sviði matvælaeftirlits. Ráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um skipan ráðsins og starfsemi þess.

8. gr.

Slysavarnaráð.

Hlutverk slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa.

Ráðið skal sjá til þess að slys séu skráð með samræmdum hætti. Jafnframt skal ráðið hlutast til um úrvinnslu skráðra upplýsinga og birtingu þeirra. Ráðið mótarglur um framkvæmd skráningar og aðgang að upplýsingum úr skránni.

Samræmd slysskrá skal varðveitt hjá landlækni.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um skipan ráðsins og starfsemi þess.

9. gr.

Tóbaksvarnaráð.

Hlutverk tóbaksvarnaráðs er að stuðla að tóbaksvörnum.

Fjármálaráðuneytið skal hafa samráð við tóbaksvarnaráð um stefnumörkun varðandi inn flutning og verðlagningu tóbaks.

Leita skal álits ráðsins á öllum reglugerðum sem snerta tóbaksvarnir og tóbakssölu.

Lýðheilsustofa skal fá 0,9% af brúttósölu tóbaks til ráðstöfunar til tóbaksvarnastarfs og skal fénu ráðstafað í samráði við ráðherra að fengnum tillögum tóbaksvarnaráðs.

Ráðherra skal setja nánari ákvæði um skipan og hlutverk tóbaksvarnaráðs í reglugerð.

10. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.

Við gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög og lagaákvæði úr gildi: Lög um slysavarnaráð, nr. 33/1994, lög um manneldisráð, nr. 45/1978, lög um áfengis- og vímuvarnaráð, nr. 76/1998, og 5. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

Alþingi
Erindi nr. P 128/1368
komudagur 28.2.2003

Reykjavík 27. febrúar 2003

Til heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis

Frumvarp um Lýðheilsustöð

Manneldisráð ítrekar nauðsyn þess að tryggður sé tekjustofn til Lýðheilsustöðvar þannig að stofnunin geti staðið undir nafni sem rannsókn- og ráðgjafastöð á sviði lýðheilsu. Án verulega aukins fjármagns til lýðheilsamála er vafamál að fyrirhuguð stofnun verði málaflokknum til framdráttar. Þeim fjármunum sem ætlaðir eru fyrir forstjóra og fjármálastjóra stofnunarinnar í núverandi mynd væri væntanlega betur varið til lýðheilsuverkefna en slíkrar yfirbyggingar. Töluverður ávinningur gæti þó hlotist af sameiginlegu húsnæði fyrir þær nefndir og ráð sem nú starfa að lýðheilsu. Manneldisráð hvetur til betri ígrundunar og undirbúnings, ekki síst með tilliti til nauðsynlegra tekjustofna og hlutverks stofnunarinnar, áður en ráðist verður í stofnun Lýðheilsustöðvar. Gjald á sölu gosdrykkja er að mörgu leyti eðlilegur tekjustofn fyrir lýðheilsustarf svipað og gjald á áfengi og tóbak. Eins og áður hefur komið fram á fundi nefndarinnar hefur manneldisráð lagt til við heilbrigðisráðherra að þessi leið verði farin til að tryggja tekjur til heilsueflingarstarfs á vegum fyrirhugaðrar Lýðheilsustöðvar. Aukagjald á gosdrykki sem nemur 6 kr á lítra gæti aflað um 270 milljóna króna á ári en gosdrykkjaneyslan var 44,7 milljónir lítra árið 2000.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd manneldisráðs

Laufey Steingrímsdóttir

Fr. Eva Margrét Ævarsdóttir
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. febrúar 2003

Efni: Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð

Manneldisráð hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Lýðheilsustöð. Í fyrri umsögn sinni lagði ráðið m.a. áherslu á nauðsyn þess að tekjustofnar væru tryggðir til mannelismála til jafns við aðra málaflokka sem flytjast til stöðvarinnar, þ.e. tóbaksvarnir og áfengis- og vímuvarnir. Offita er að verða einn alvarlegasti heilbrigðisvandi þjóðarinnar og mikil þörf á öflugum lýðheilsustarfi á þeim vettvangi. Án tryggra tekjustofna til mannelismála og líkamsræktar verður illmögulegt að vinna á þessum vágasti í þjóðfélaginu.

Hvað varðar einstaka liði frumvarpsins, þá er hlutverk stöðvarinnar tíundað í 3. grein frumvarpsins. Manneldisráð gerir athugasemd við lið b. í 3. grein.

Manneldisráð leggur til að liðurinn hljóði þannig:

b. að annast áfengis- og vímuvarnir, stuðla að hollu mataræði, hreyfingu og hæfilegri líkamsþyngd, annast tóbaksvarnir o.s.frv.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Manneldisráðs Íslands



Laufey Steingrimsdóttir, forstöðumaður



Alþingi
Erindi nr. P 128/1315
komudagur 25.2.2003

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Heilbrigðis- og trygginganefnd
Alþingis
b.t. Evu M. Ævarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. febrúar 2003

Sam 052/2003 PS/sp
Tilv.: 215,0

Efni: Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. febrúar, var lagt fram bréf heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 30. janúar 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 421. mál.

Stjórnin samþykkti að gera umsögn fyrri stjórnar sem samþykkt var 5. júlí 2002 að sinni. Steinunn Valdís Óskarsdóttir sat hjá við afgreiðslu málsins.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 707 mál.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir eftirfarandi umsögn.

Lagst er gegn því að núverandi gerð frumvarpsins verði samþykkt og lagt er til að lýðheilsustarf heilsugæslustöðva verði eftt.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu er heilsugæslu falið að vinna að heilsuvernd, nánar tiltekið; Heilbrigðisfræðslu, mæðravernd, ungbarna- og smábarnavernd, heilsugæslu í skólum, ónæmisvörnum, berklavörnum, kynsjúkdómavörnum, geðvernd, áfengis- tóbaks- og fíkniefnavörnum, sjónvernd, heyrnarvernd, heilsuvernd aldraðra, hópskoðunum og skipulagðri sjúkdómaleit, félagsráðgjöf, þ.m.t. fjölskyldu- og foreldraráðgjöf, umhverfisheilsuvernd, atvinnusjúkdómum og slysavörnum. Allt eru þetta atriði sem flokka má undir eflingu lýðheilsu og hefur landlæknir faglegt eftirlit með starfsemi á þessu sviði á heilsugæslustöðvum.

Landlæknir er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt er varðar heilbrigðismál og annast framkvæmd tiltekinna málaflokka f.h. ráðherra og má þar m.a. nefna eftirlit og gerð viðmiðana varðandi fagleg málefni heilbrigðisstofnana á landsvísu, sbr. 3. gr. l. nr. 97/1998. Nánar er kveðið á um hlutverk landlæknis í reglugerðum settum á grunni laganna í tengslum við heilsugæslu, s.s. í reglugerð um landlækni og landlæknisembættið og reglugerð um heilsugæslustöðvar. Milli landlæknisembættisins og heilsugæslunnar eru stjórnsýsluleg tengsl, bæði lagaleg og byggð á reynslu og þekkingu á starfsemi heilsugæslunnar.

Lýðheilsumál heyra nú þegar undir landlæknisembættið og hefur það látið þau sig varða. Hins vegar hafa einstakir og vel afmarkaðir hlutar starfsemi til eflingar lýðheilsu verið færðir til sérstakra ráða á grundvelli áherslna á mikilvægi þeirra. Það breytir því ekki að landlæknir hefur gengt hlutverki sem æðsta stofnun, utan heilbrigðisráðuneytisins, á sviði almennrar lýðheilsu. Með því að færa starfsemi á sviði hinna sérstöku lýðheilsumálaflokka, t.d. tóbaksvarna, áfengis- og vímuvarna og manneldisfræða, undir eina stofnun er skref stigið afturbak í eflingu lýðheilsu á viðkomandi sviðum. Þannig yrði horfið frá þeirri stöðu sem baráttu á framangreindum sviðum var mörkuð með stofnun sérstakra ráða óháðum yfirstjórn lýðheilsumála, sem landlæknisembættið hefur með höndum.



Staða yfirstjórnar lýðheilsamála er í góðu horfi nú, landlæknisembættið sinnir almennum lýðheilsumálum sem falla vel að annarri starfsemi þess við heilbrigðismál, sérstök ráð sinna lýðheilsumálum á skýrt afmörkuðum sviðum sem sérstök áhersla hefur verið lögð á og landlæknir fylgist með starfi þeirra með formlegum eða óformlegum hætti og leggur baráttu þeirra lið eftir því sem við á. Þegar yfirstjórn lýðheilsamála sleppir þá er heilsugæslunni í landinu falið með lögum að sinna lýðheilsumálum í staðbundnum umdæmum. Þar liggja sóknarfæri heilbrigðisyfirvalda til að nýta sér nálægð við borgarana til að ná árangri í eflingu lýðheilsu landsmanna.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að starf heilsugæslunnar í lýðheilsumálum verði eftt og ef leggja á aukið fjármagn til lýðheilsamála þá skuli því veitt til þeirra sem mesta nálægð hafa við íbúa landsins en ekki til að auka yfirbyggingu vegna málaflokksins. Samræmingarmarkmiðum við yfirstjórn lýðheilsamála má ná án þess að auka yfirbyggingu og án þess að rjúfa eða grafa undan þeim faglegu og stjórnsýslulegu tengslum heilsugæslu landsins við yfirstjórn málaflokksins sem lýst var að framan. Fella mætti starfsemi ráða sem vinna að lýðheilsu undir landlæknisembættið í auknum mæli enda væri það í samræmi við skipan mála nú, t.d. starfar slysavarnarráð náíð með landlæknisembættinu og landlæknir er formaður manneldisráðs. Samræmingu í heilbrigðismálum, þ.m.t. yfirstjórn lýðheilsamála og ráðgjöf til heilbrigðisráðuneytisins, verður best náð með því að hafa starfsemina tengda landlæknisembættinu enda sinnir embættið nú þegar veigamiklu hlutverki við eflingu lýðheilsu og annarrar heilsuverndar. Verulegt óhagræði fylgdi því ef ætti að skipta svo skyldum verkefnum á fleiri aðila.

Samþykkt á fundi stjórnar sambandsins 5. júlí 2002.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/31

Alþingi
Erindi nr. P 128/996
komudagur 14.2.2003

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
heilbrigðis- og trygginganefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

12. febrúar 2002

Efni: Lagafrumvarp um Lýðheilsustöð, 421. mál.

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis hefur með bréfi, dags. 30. janúar sl., óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreint þingmál. Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð var einnig lagt fram á Alþingi í fyrra, og vísað þá til heilbrigðis- og trygginganefndar. Nefndin sendi frumvarpið út til umsagnar sl. vor. Frumvarpið í þeirri mynd, sem það er í nú, hefur verið breytt nokkuð, m.a. með hliðsjón af ábendingum og tillögum umsagnaraðila. SÍT sendi allitarlega umsögn til nefndarinnar með bréfi, dags. 6. júní 2002. Um frumvarpið nú leyfir SÍT sér að hreyfa eftirfandi atriðum:


1. Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um hlutverk Lýðheilsustöðvar. Eru helstu verkefni stofnunarinnar nú talin upp í einum átta stafliðum, en einungis þremur í frumvarpinu í fyrra. Sýnist hlutverk stöðvarinnar nú falla betur að þeim sjónarmiðum, sem SÍT setti almennt fram í fyrri umsögn sinni um þetta málefni. Þá sýnist nú í ríkari mæli en í fyrri frumvarpsgerðinni gert ráð fyrir samstarfi stöðvarinnar og embættis landlæknis, sbr. f. –lið 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Ber að fagna því sérstaklega.
2. Í fyrri umsögn SÍT var m.a. vakin athygli á því, að með því að fella úr gildi lög nr. 33/1994 um slysavarnaráð, og taka einungis upp eitt efnisrýrt ákvæði, er snéri að því ráði, yrði lagastoðinni kippt undan starfrækslu samræmdrar slysaskrár hér á landi, en hún hefur gengið undir heitinu „Slysaskrá Íslands“. Gerði SÍT tillögu að breytingu á 8. gr. frumvarpsins af þessu tilefni, og hefur fullt tillit verið tekið til þeirra breytingartillagna við frágang frumvarpsins nú. Sýnist þannig, að lagagrundvöllur undir slysaskráninguna verði áfram bærilega tryggður.

3. Í lögum nr. 33/1994 um slysavarnaráð hefur ráðinu verið skylt að gangast fyrir landsþingi um slysavarnir annað hvert ár. Í 8. gr. frumvarpsins, sem snýr að slysavarnaráði, er ekkert að slíku landsþingi vikið. Ástæða er til að ætla, að þýðing þings af þessu tagi sé á ýmsan hátt meiri, sé þess getið í lögum. Hugsanlegt ákvæði í reglugerð, sem ráðherra kann að setja um þetta efni, hefur ekki sama vægi. Því er enn lagt til, að ný málsgrein, sem verði 2. mgr., verði tekin upp í 8. gr. frumvarpsins, svohljóðandi:


„Ráðið skal halda landsþing um slysavarnir annað hvert ár“.

Að öðru leyti, m.a. varðandi kostnað við starfsemi stöðvarinnar, vísar SÍT til fyrri umsagnar sinnar, dags. 6. júní 2002, um málefni þetta.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson



SAMTÖK SYKURSJÚKRA

Pósthólf 5292 · 125 Reykjavík · Sími 562 5605

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1045
komudagur 18.2.2003

Reykjavík, 17. febrúar 2003


Nefndasvið Alþingis,
Heilbrigðis- og trygginganefnd,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

Samtökum sykursjúkra Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 707. mál., lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi. Samtök sykursjúkra hafa engu að bæta við fyrri umsögn.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Samtaka sykursjúkra


Sigríður Jóhannsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 128/1221
komudagur 21.2.2003

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Helgu E. Þórisdóttur nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2003.

Efni: Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

Vísað er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis dags. 30. janúar 2003 þar sem óskað var eftir umsögn slysavarnaráðs um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

Slysavarnaráð hefur áður fjallað um frumvarpið og skilað ítarlegu álitum og er vísað til þess.

Sem fyrr fagnar slysavarnaráð því að lagt hafi verið fram lagafrumvarp sem fjallar um hið mikilvæga málefni lýðheilsu. Full ástæða er til að efla og samræma hið margþætta lýðheilsustarf sem sinnt er af fjölmörgum aðilum héraðs. Þannig er grunnhugmyndin að baki frumvarpinu góð að mati slysavarnaráðs. Hins vegar telur slysavarnaráð að útfærslan á þessari grunnhugmynd sé ófullkomin eins og hún liggur fyrir í frumvarpinu nú. Slysavarnaráð leggur því til að frekari umræða og vinna fari fram um málið.

Ef niðurstaðan verður sú að málið verður afgreitt á yfirstandandi þingi þá er það skoðun slysavarnaráðs að það þurfi í það minnsta að gera róttækar breytingar á 8. gr. frumvarpsins. Þessar breytingar þurfa einkum að lúta að því að:


1. Tryggja lagagrundvöll Slysskrár Íslands með fullnægjandi hætti. Í frumvarpinu stendur nú að slysskrá skuli varðveitt hjá landlækni. Slysskrá þarf einnig að vera á ábyrgð og undir forræði landlæknis þó slysavarnaráð muni áfram koma að stefnumótun skrárinnar. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar Slysskrá Íslands og slysavarnaráð munu ekki lengur bæði heyra undir landlækni.
2. Færa þarf kjarnann úr núverandi lögum um slysavarnaráð inn í 8. grein frumvarpsins. Í núverandi lögum um slysavarnaráð er greint frá meginþingi ráðsins sem er að stuðla að fækkun slysa. Þeim þingi skal ráðið ná með ýmsum aðgerðum sem tilgreindar eru í 7 liðum. Einn liðurinn snýr að því að stuðla að samræmdri skráningu slysa og er sá liður tekinn upp í því frumvarpi sem hér er til

umræðu. Slysavarnaráð leggur áherslu á að aðrir liðir úr 2. gr. laga um slysavarnaráð séu einnig tilgreindir í frumvarpi til laga um Lýðheilsusstöð.

Til viðbótar við breytingar á 8. gr. þarf að tryggja með óyggjandi hætti fjárhagslegan rekstrargrundvöll slysaskrár sem tekur til dagslegs reksturs skrárinnar og vinnu við úrvinnslu upplýsinga og miðlun þeirra. Jafnframt þarf að tryggja fjárhagslegan grundvöll slysavarnaráðs í heild sinni.


Slysavarnaráð bendir að lokum jafnframt á að í athugasemdum mætti taka fram að meðal verkefna slysavarnaráðs sé að stuðla að fækkun slysa, þ.m.t. umferðarslysa.

F.h. slysavarnaráðs,



Sigurður Guðmundsson
Formaður slysavarnaráðs

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1069
komudagur 19. 2. 2003



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. febrúar 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, mál nr. 421

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa (SÍF) fagnar skýrari lagaramma um heilbrigðiseflingu skv. frumvarpi um Lýðheilsustöð.

Þar sem lögin hafa í för með sér nokkra breytingu á skipan mála er varða heilsueflingu vill SÍF vísa í umsögn SÍF um frumvarpið á 127. löggjafarþingi, dags. 6. júní 2002. Til viðbótar vill SÍF ítreka það sem í fyrri umsögn hefur komið fram og koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Félagslegir þættir hafa áhrif á heilsufar einstaklinga í þjóðfélaginu. Löggilding starfsréttinda félagsráðgjafa er, skv. 2. gr. laga nr. 41/1975 um félagsráðgjöf, veitt af Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Auk þess sem félagsráðgjafar starfa innan heilbrigðiskerfisins starfar fjöldi félagsráðgjafa hins vegar á stöðum sem falla undir Félagsmálaráðuneytið.

Félagsráðgjafar um land allt vinna að forvarnarstarfi hjá sveitarfélögum og félagasamtökum. Félagsráðgjafar sinna störfum sem m.a. felast í félagslegum stuðningi við einstaklinga á öllum aldri. Þessi störf hafa áhrif á lýðheilsu og má telja til heilsueflingar sem m.a. unnin er hjá félagsþjónustum sveitarfélaga um land allt.

Eðlilegt hlýtur að teljast að SÍF eigi fulltrúa í sérfræðiráðunum enda starfa félagsráðgjafar víða að heilsueflingu og forvarnarstörfum. Þá viljum við einnig leggja áherslu á að sem flestar fagstéttir komi að sérfræðiráðum með formlegum hætti.


Við ítrekum að sett verði á laggirnar geðverndarráð og ráð sem miðar að heilsueflingu og forvörnum vegna barna sérstaklega. Við teljum að tóbaksvarnaráð ætti að falla undir áfengis- og vímuvarnarráð.


Viljum við benda á að í framhaldi af lagasetningu um Lýðheilsustöð verða væntanlega settar reglugerðir sem flestar munu á einn eða annan hátt snerta starfssvið og starfsumhverfi félagsráðgjafa. Það er mikilvægt að haft sé samráð við SÍF í þeirri vinnu, enda kemur fagþekking félagsráðgjafa þar að góðum notum.


Við treystum því að fjárveitingar til Lýðheilsustöðvar geri ráð fyrir metnaðarfullu starfi þar á öllum sviðum.

Virðingarfyllst

f.h. Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa


Eyvín Jónatansdóttir
félagsráðgjafi


Ólga B. Jónsd.
félagsráðgjafi


Hulda Gunnarsdóttir.
félagsráðgjafi

Alþingi
Erindi nr. P 128/1408
komudagur 3. 3. 2003



TANNVERNDARRÁÐ

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2003

Efni: Vegna beiðni Heilbrigðis- og trygginganefndar um frekari athugasemdir varðandi frumvarp um lýðheilsustöð

Tannverndarráð vill leggja ríka áherslu á að Lýðheilsustöð verði tryggðir aðrir tekjustofnar en þeir sem nú þegar eru nýttir í hin ýmsu forvarnarverkefni á vegum þeirra ráða sem koma til með að mynda kjarna Lýðheilsustöðvarinnar við stofnun hennar.

Tilgangur þess að mynda slíka stofnun verður að vera ljós og í okkar huga er meginmarkmiðið að sameina krafta þeirra sérfræðinga sem vinna nú ótullega að forvarnarmálum auk þess að skapa aukið rými fyrir ný verkefni á nýjum sviðum lýðheilsu. Án aukningar á því fjármagni sem nú er fyrir hendi er hins vegar ekki fýsilegt að bæta við hvorki starfsmönnum né verkefnum.

Eigi ekki að koma til meira fjármagn leggjum við því til að fyrst um sinn verði þau ráð sem fyrir eru sameinuð í húsnæði og skipulagðir verði reglulegir samráðsfundir, en það fjármagn sem ætlað var í laun forstjóra Lýðheilsustöðvar verði nýtt til styrkja í ný verkefni á sviði lýðheilsu.

Við styðjum tillögu Manneldisráðs um vörugjald á gosdrykki sem leið til fjármögnunar lýðheilsuverkefna á sviði manneldis, tannverndar og á fleiri sviðum.

Virðingarfyllst,

f.h. Tannverndarráðs


Helga Ágústsdóttir, formaður

Alþingi
Erindi nr. P 128/1044
komudagur 18.2.2003



TANNVERNDARRÁÐ

Reykjavík, 14. febrúar 2003

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Athugasemdir vegna frumvarps til laga um lýðheilsustöð

Tannverndarráð var ekki í hópi þeirra aðila sem beðnir voru um umsögn um frumvarp til laga um lýðheilsustöð. Því munum við ekki fjalla um einstakar greinar frumvarpsins en lýsum almennri ánægju með að í sjónmáli sé nú sameining hinna ýmsu sérfræðiráða er unnið hafa ötullega að forvarnarmálum. Engu að síður viljum við senda inn nokkrar athugasemdir og ábendingar þaræð við teljum okkur málið skylt.

Tannverndarráð hefur starfað í tvo áratugi að forvarnarmálum og er því eitt elsta forvarnarráð sem unnið hefur að lýðheilsumálum á Íslandi. Miklu grettistaki hefur verið lyft í tannvernd hér á landi á þessum tíma og væri leitt ef því starfi væri ekki haldið áfram af myndarbrag. Við viljum því leggja mikla áherslu á að stofnað verði um tannvernd sérfræðiráð innan stöðvarinnar, sem hafi sjálfstæði innan hennar og ákvörðunarvald um verkefnaval.

Í frumvarpi því er lagt hefur verið fram á Alþingi er gert ráð fyrir að fjármunir þeir sem runnið hafa í tannverndarsjóð muni framvegis renna til lýðheilsustöðvar. Viljum við í því sambandi minna á að Tannverndarráð hefur ítrekað beðið um aukinn fjárstyrk þaræð sjóðurinn hefur verið óbreyttur að krónutölu síðan 1991. Tannverndarráð hefur því þurft að draga mjög úr allri tannverndarfræðslu og jafnvel skera alveg niður á sumum sviðum tannverndar. Það er því síst tilefni til þess nú að fjármunir þeir er helgaðir hafa verið forvörnum munnsjúkdóma af ýmsum toga verði látnir renna í önnur verkefni.

Brýn þörf er á að afla vitneskju um tannheilsu þjóðarinnar, jafnt barna sem fullorðinna og að efla fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði tann- og munnheilsamála í samræmi við niðurstöður þeirra rannsókna. Í heilbrigðisáætlun til 2010 er tannheilsa meðal forgangsverkefna og meðal annars er gert ráð fyrir að tannskemmdatiðni 12 ára barna verði 1.0 árið 2010. Eins og er vitum við ekki hvernig tannheilsu þjóðarinnar er háttað sem hamlar mjög stefnumörkun á þessu sviði.


Rík hefð er fyrir því að tannheilsa sé stór þáttur í lýðheilsumálum nágrannaþjóða okkar og er gott dæmi um svið þar sem lýðheilsusjónarmið gera hvað mest gagn. Því viljum við ítreka mikilvægi þess að ráð um tannvernd sé meðal þeirra sérfræðiráða er starfa munu saman að öflugum forvörnum og stuðla að góðri lýðheilsu á Íslandi.

Virðingarfyllst,

f.h. Tannverndarráðs



Helga Ágústsdóttir, formaður



Alþingi
Erindi nr. P 128/1030
komudagur 18.2.2003



TÓBAKSVERNANEFND
Skógarhlíð 8 · Pósthólf 5420 · 125 Reykjavík
Sími 561 2555 · Fax 561 2563
reyklaus@reyklaus.is · www.reyklaus.is

Reykjavík, 17. febrúar 2003


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðandi: Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

Meðfylgjandi er umsögn Tóbaksvarnanefndar um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

F.h Tóbaksvarnanefndar


Þorgrímur Þráinsson



TÓBAKSVERNANEFND
Skógarhlíð 8 · Pósthólf 5420 · 125 Reykjavík
Sími 561 2555 · Fax 561 2563
reyklaus@reyklaus.is · www.reyklaus.is

Lýðheilsustöð

Tóbaksvarnanefnd telur frumvarpi til laga um Lýðheilsustöð til bóta að tekið hafi verið tillit til athugasemda Tóbaksvarnanefndar í nýju frumvarpsdrögum. Þó vill nefndin árétta að til að Lýðheilsustöð standi undir því að vera Public Health Institute fyrir Ísland hlýtur að þurfa tölvuvert meira fjármagn til stöðvarinnar á næstum árum en getið er um í frumvarpinu. Vert er að minnast á að talsmenn frumvarpsins á sínum tíma töldu að einn helsti tilgangur stofnunar lýðheilsustöðvar væri sá að auðveldara yrði að sækja fjármagn til ríkisvaldsins sem „eitt sameiginlegt afl” í stað fjölmargra lítilla samtaka sem gerðu harða hríða að fjárlaganefnd og ráðherrum um aukið fjármagn.

Öllum, sem starfa að forvarnamálum, ber saman um að auka verði fjármagn til forvarnastarfa til muna því slíkt er áhrifaríkasta leiðin til að draga úr heilbrigðisvandamálum framtíðarinnar. Eitt augljósasta dæmi þessa er sú staðreynd að tíu sinnum meiri líkur eru á því að ungmenni sem reykir verði alkóhólisti í framtíðinni en ungmenni sem reykir ekki og það þykir fáheyrt ef sá sem verður eiturlyfjum að bráð reykir ekki. Að framansögðu er ljóst að brýnasta mál ríkisstjórnarinnar í forvarnamálum og til að ná markmiðum heilbrigðisáætlunar ársins 2010 er að byrgja brunninn. Árangurinn af slíkri forgangsröðun mun skila árangri þegar fram líða stundir og spara þjóðfélaginu milljarða.

Frá því að fjármagn til tóbaksvarna var aukið verulega árið 1996 hafa daglegar reykingar fullorðinna minnkað úr 30% niður í 24%. Samkvæmt könnun héraðslækna og Krabbameinsfélags Reykjavíkur hafa daglegar reykingar 12-16 ára grunnskólanemenda minnkað um 41% síðastliðin fjögur ár. Þetta er staðreyndir sem ekki verður horft framhjá. Og samkvæmt evrópskri könnun, sem Rannsóknir og greining var aðili að, voru daglegar reykingar nemenda 10. bekkja á Íslandi þær minnstu í Evrópu fyrir tveimur árum.

Í ljósi þessa árangurs vekur það ugg hjá Tóbaksvarnanefnd ef hrófla á við starfsemi, ekki síst þar sem ekki eru nein ákvæði um skipan eða hlutverk Tóbaksvarnanefndar í frumvarpi til laga um Lýðheilsustöð. Og samkvæmt frumvarpinu er heimilt, með reglugerð, að fela Tóbaksvarnanefnd víðtækari verkefni en kveðið er á um í 6.-9. gr. frumvarpsins. Slíkt gæti þýtt að lögbundnu fé til tóbaksvarna yrði hugsanlega ráðstafað til annars en tóbaksvarnastarfs.

Í 6. gr. frumvarpsins er þess getið að Áfengis- og vímuvarnaráð skuli hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt. Tóbaksvarnanefnd telur að eðlilegra sé að eftirlitið sé alfarið í höndum heilbrigðisnefnda og lögreglunnar svo ráðið geti alfarið beitt sér að forvarnamálum.

Í frumvarpinu er þess getið að settar hafi verið á stofn sérstakar stofnanir í Danmörku og Noregi sem hafa það að meginmarkmiði að vera frumkvöðlar og

samræmingarafl í lýðheilsustarfi. Æskilegt væri að vita hver árangurinn af slíkum stofnunum hefur verið, ekki síst hvað tóbaksvarnastarf varðar. Tóbaksvarnanefnd hefur heyrt í óspurðum fréttum að tóbaksvarnastarf í löndum með lýðheilsustofnanir hafi borið skarðan hlut frá borði við breytinguna.

Miðað við núverandi framsetningu frumvarps til laga um Lýðheilsustöð á starfsemi núverandi stofnana ekki að breytast og framlag til forvarna ekki að aukast. Því er spurning hvort markmið þessa lagafrumvarps náist ekki með einfaldri samhæfingu án lagasetningar, til dæmis með því að þau sérfræðiráð/-nefndir, sem annars munu heyra undir Lýðheilsustöð, yrðu einfaldlega færð undir sama þak og gætu þar af leiðandi sameinað afgreiðslu og sínavörslu, dreifingu, fundaraðstöðu, tækjanotkun og haldið reglulega samráðsfundi um starfsemina sem og þau verkefni sem framundan væru en störfuðu að öðru leyti með sama hætti og þau gera í dag.

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1367
komudagur 28.2.2003



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

24. febrúar 2003

Skjalanúmer: 110-0

Tilvísun: U20030200036/kg

Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 421. mál


Vísað er til erindis heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 30. janúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 421. mál. Hinn 1. janúar 2003 tók Umhverfisstofnun við verkefnum og hlutverki Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embættis veiðistjóra, hreindýraráðs og dýraverndarráðs. Umhverfisstofnun hefur m.a. það hlutverk að hafa yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti hér á landi, þ.m.t. með ástandi og merkingum matvæla.


Umhverfisstofnun fagnar tilkomu frumvarpsins og telur að í heild sinni sé frumvarpið ágætt þó að skerpa megi á nokkrum atriðum. Stofnunin leyfir sér að benda á að í frumvarpinu er lítil áhersla lögð á hreyfingu og mikilvægi hennar í góðri lýðheilsu. Ef takmarkið með stofnun Lýðheilsustöðvarinnar er að auka heilsu þjóðarinnar þá er nauðsynlegt að hafa tilgreint í lögnum hlutverk stöðvarinnar er varðar hreyfingu og líkamsrækt. Hreyfing og líkamsrækt eru órjúfanlegir þættir, sérstaklega á sviði næringar, en ekki síður á sviði tóbaks-, áfengis- og annarra vímuvarna. Rannsóknir hafa sýnt fram á að einstaklingar sem stunda venjubundna, stöðuga líkamsrækt af einhverjum toga ern grenni, eru síður líklegir til að reykja, drekka eða neyta annarra vímuefna miðað við þá sem ekki taka þátt í líkamsrækt. Því telur Umhverfisstofnun það mikilvægt að hlutverk Lýðheilsustofnunar verði að auka hreyfingu landsmanna.

Umhverfisstofnun bendir á að fjárveitingar til Manneldisráðs hafa ekki dugað fyrir þeirri starfsemi sem ráðinu hefur verið ætlað að vinna af hendi skv. lögum nr. 45/1978, um manneldisráð. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fjárveitingar verði auknar til þessa þáttar starfseminnar.

Að lokum vekur Umhverfisstofnun athygli á að í 7., 8. og 9. gr. frumvarpsins er fjallað um efni sem snerta starfsemi stofnunarinnar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Stofnunin leggur því til að haft verði samráð við stofnunina við setningu reglugerða skv. framangreindum greinum.

Virðingarfyllt,


Sigurbjörg Gísladóttir
staðgengill forstjóra


Helgi Jónsson
forstöðumaður